

Kennslustofur þar sem er sérstök eldhætta

Í grein 106.11 í byggingarreglugerð nr. 441 /1998 segir:

“Kennslustofur þar sem sérstök eldhætta er skulu hafa tvennar óháðar útgöngudyr”.

Viðmiðun:

Ekki er til einhlít skilgreining á því hvaða kennslustofur falla undir þetta ákvæði. Að mati Brunamálastofnunar er hér átt við kennslustofur þar sem unnið er með gas, eldfima vökva eða hættuleg efni s.s. propan/butangas, bensín og þ.h. Hurðir á þessum stofum skulu opnast út úr stofunni.

Dæmi:

- Eðlis- og efnafræðistofur
- Smíðastofur þar sem eru lakklefar, málmsuða og þ.u.l
- Heimilisfræði þar sem unnið er á gaseldavélum.
- Hárgreiðslustofur og fl.
- Rannsóknarstofur